

L Ö G

67

23. júní

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, og lögum nr. 132 31. des. 1935, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 11 2. júní 1933 og lög nr. 132 31. des. 1935, skulu gilda til ársloka 1937.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1937.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

68

23. júní

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist þannig:

Tekjur aðila, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar (6. gr. B. 1—2) á tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu,

68 nema á þá verði lagt útsvar á næsta ári eftir almennum reglum. Þá skal at-
23. júní huga, í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.

2. gr.

Í stað orðsins „gjaldárinu“ í 9. gr. 1. tölul. b. og 2., 3. og 4. tölul. komi: útsvarsárinu.

3. gr.

12. gr. 2. og 3. mgr. falli burt.

4. gr.

14. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Skjóta má málum þessum til ríkisskattanefndar.

5. gr.

24. gr. útsvarslaganna orðist þannig:

Sá gjaldandi og sú sveitarstjórn, er ekki vill hlita úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til ríkisskattanefndar. Ríkisskattanefnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til þess að krefjast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en nefndin breytir aðeins þeim útsvörum, sem úrskurður yfirskattanefndar hefir gengið um og síðan hefir verið áfrýjað til hennar.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

6. gr.

Á eftir 2. tölul. 25. gr. komi: sbr. 6. gr. B. 1—2.

7. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneyti“ í 26. gr. komi: ríkisskattanefnd.

8. gr.

28. gr. orðist þannig:

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar niðurjöfnun fer fram.

9. gr.

Á eftir 2. mgr. 29. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, má skylda kaupgreiðendur til að halda eftir hluta af kaupum fastra starfsmanna til greiðslu á útsvari þeirra til bæjar- eða sveitarsjóðs.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10 9. jan. 1935.

11. gr.

68

Dá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, er ráðherra heimilt að láta fella texta þeirra, svo og laga nr. 59 1931 og laga nr. 51 1933 inn í meginmál laga nr. 46 1926, um útsvör, og gefa þau út þannig breytt, en jafnframt sé VI. kafli þeirra felldur úr textanum.

23. júní

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

69

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

23. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð, hverskonar skotvopn, skotfæri og sprengjur skuli flutt til landsins og seld almenningi, um álagning á þau, svo og hvernig fara skuli með birgðir þær af skotvopnum, skotfærum, hlutum og efni í þau, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu. Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um heimild manna til að hafa skotvopn í vörzlum sínum, og skulu þau ákvæði einnig ná til þeirra skotvopna, skotfæra, sprengja o. s. frv., sem eru í vörzlum einstaklinga, félaga og firma við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Það skal vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að hafa í vörzlum sínum tæki þau, sem í 1. gr. getur, er sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það gagnlegt, eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.